

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 2. maí 2014
Tilvísun: UST20140300019/ksj


Hagahverfi - deiliskipulag Naustahverfis 3. áfangi

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 4. maí sl. þar sem óskað er umsgagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun tekur undir mótvægisáðgerðir sem gera á vegna hávaða s.s. hljóðmanir meðfram Naustabraut og Vilhelmínugötu svo viðmiðunarmörk hljóðvistar náist við húsvegg. Einnig er mikilvægt að viðmiðunarmörk hljóðvistar náist innandyra með misþykku gleri og öðrum tæknilausnum til mótvægis við umferðarhávaða. Umhverfisstofnun bendir á að einnig er annar möguleiki fyrir hendi, en hann er sá að strax í upphafi er gert ráð fyrir nægilegri fjarlægð frá byggð að umferðargötum svo ekki þurfi að fara í ofangreindar mótvægisáðgerðir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun